Viðtakandi: Leikskóla- og daggæsluráð
Sendandi: Leikskóla- og daggæsluráðsfulltrúi Miðflokksins

Reykjavík, 12. nóvember 2026
SFS26110064

TILLAGA

Tillaga leikskóla- og daggæsluráðsfulltrúa Miðflokksins um valfrelsi foreldra og heimgreiðslur fram að tveggja ára aldri

Leikskóla- og daggæsluráð samþykkir að innleiða heimgreiðslur vegna barna frá 12 mánaða aldri og fram að 24 mánaða aldri. Markmiðið er að foreldrar hafi raunverulegt fjárhagslegt svigrúm til að velja hvort barn hefji dagvistun eða dvelji lengur heima.

Heimgreiðsla verði 250.000 krónur á mánuði fyrir hvert barn. Rétturinn verði óháður því hvort barninu hafi verið boðið leikskólapláss velji forsjáraðilar að nýta ekki niðurgreidda dagvistun á greiðslutímabilinu.

Eftirfarandi skilyrði gildi:

1. Barn og a.m.k. annar forsjáraðili hafi lögheimili í Reykjavík.
2. Barnið sé orðið 12 mánaða en hafi ekki náð 24 mánaða aldri.
3. Ekki sé samtímis greitt opinbert framlag vegna barnsins til leikskóla, dagforeldris eða annars dagvistunarúrræðis.
4. Greiðslan sé bundin við barnið og óháð því hvort móðir, faðir eða annar forsjáraðili annast barnið.
5. Greiðslur falli niður þegar niðurgreidd dagvistun hefst eða við lok þess mánaðar sem barnið nær 24 mánaða aldri.

Greinargerð

Fyrstu tvö til þrjú æviár barns eru tímabil örs þroska. Á þessum árum mótast mikilvægir þættir í starfsemi heilans og taugakerfisins, þar á meðal geta barns til að bregðast við álagi, stjórna tilfinningum og mynda traust tengsl við annað fólk. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin leggur áherslu á að börn þurfi á þessu tímabili öruggt og fyrirsjáanlegt umhverfi, næma umönnun og endurtekin samskipti við foreldra sína og aðra umönnunaraðila. Fjölskyldan gegni þar að jafnaði lykilhlutverki.

Ung börn hafa takmarkaða getu til að róa sig sjálf og stjórna líkamlegum og tilfinningalegum viðbrögðum sínum. Þau treysta því á svokallaða samstjórnun með fullorðnum. Þegar umönnunaraðili tekur eftir merkjum barns, túlkar þau og svarar þeim á hlýjan og fyrirsjáanlegan hátt fær barnið ítrekaða reynslu af því að þörfum þess sé mætt og að umhverfið sé öruggt. Slík samskipti styðja þroska tilfinningastjórnunar og þeirra lífeðlisfræðilegu kerfa sem taka þátt í streituviðbrögðum, meðal annars sjálfvirka taugakerfisins og hormónakerfis streituviðbragða.

Þessi samstjórnun er jafnframt mikilvægur grundvöllur öruggra tengsla. Örugg tengsl myndast þegar barn upplifir umönnunaraðila sinn almennt aðgengilegan, næman og áreiðanlegan. Barnið lærir að leita til hans eftir huggun og öryggi en fær um leið aukið sjálfstraust til að kanna umhverfi sitt.

Ekki er gert ráð fyrir að sama fyrirkomulag henti öllum börnum og fjölskyldum. Sum börn njóta góðs af því að hefja leikskólagöngu snemma. Fyrir önnur börn kann rólegra umhverfi, styttri aðskilnaður og lengri tími með foreldrum að henta betur. Foreldrar þekkja að jafnaði þarfir barns síns best og eiga að geta metið hvaða fyrirkomulag samræmist aldri þess, þroska og fjölskylduaðstæðum.

Valið er hins vegar ekki raunverulegt nema fjölskyldur hafi fjárhagslegt svigrúm til að nýta það. Án stuðnings geta tekjumissir og framfærslukostnaður þvingað foreldra aftur til vinnu og barn í dagvistun fyrr en fjölskyldan telur æskilegt. Sú staða kemur sérstaklega illa niður á tekjulægri fjölskyldum þar sem tekjuhærri foreldrar hafa frekar bolmagn til að lengja heimadvöl á eigin kostnað. Heimgreiðslur stuðla þannig að jafnari möguleikum fjölskyldna til að taka ákvörðun út frá þörfum barnsins en ekki eingöngu fjárhagslegri nauðsyn.

Reykjavíkurborg ver nú verulegum fjármunum í að niðurgreiða dagvistun. Samkvæmt fjármögnunarlíkani Reykjavíkurborgar fyrir árið 2026 má áætla að átta tíma leikskólapláss fyrir barn yngra en tveggja ára í borgarreknum leikskóla kosti um 498 þúsund krónur á hvern greiðslumánuð, að meðtöldum húsnæðiskostnaði en án sértæks stuðnings. Heimgreiðsla að fjárhæð 250.000 krónur væri því um 248.000 krónum lægri en það framlag þegar hún kemur í stað slíks leikskólapláss.

Með núverandi fyrirkomulagi fylgir opinber fjármögnun barninu fyrst og fremst þegar keypt er dagvistunarþjónusta utan heimilis. Foreldrar sem annast barnið sjálfir fá ekki sambærilegan stuðning jafnvel þótt sú ákvörðun geti dregið úr eftirspurn eftir leikskólaplássum, létt á mönnunarvanda og minnkað þörf fyrir ný leikskólarými. Þá er að sama skapi ekki komið til móts við þær fjölskyldur sem þurfa að vera heima með barn á biðlista eftir leikskólaplássi og verður þar af leiðandi fyrir tekjumissi. Þeirra barni fylgir ekkert fjármagn.

Tillagan stuðlar að valfrelsi foreldra, jafnari fjárhagslegum möguleikum og fjölbreyttari lausnum í dagvistunarmálum. Um leið tekur hún mið af þeirri þekkingu að stöðug, næm og fyrirsjáanleg umönnun fyrstu æviárin sé mikilvæg fyrir þroska streitustjórnunar, tilfinningaöryggis og öruggra tengsla barns. Með tillögunni er einnig hægt að létta á biðlistavanda borgarinnar á leikskólaplássum.